

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. júní 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Fellahreppi.

Eftir beiðni hreppsnefndar Fellahrepps í Norður-Múlasýslu og tillögu skipulagsstjóra ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að ákvæði laga nr. 55/1921 skuli framvegis taka til byggðar við Lagarfljótsbrú vestanverða.

Þetta er hér með birt til effirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1963.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þorlákshöfn, nr. 83 15. apríl 1952.

1. gr.

20. grein orðist þannig:

- a. Skip, 12 rúmlesta brúttó og stærri, sem eru skrásett í Þorlákshöfn og gerð þaðan og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 12 krónur fyrir hverja brúttó rúmlest.
- b. Önnur innlend fiskiskip greiði 3 krónur fyrir hverja brúttó rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar og hafa samband við land, þó ekki yfir 12 kr. af rúmlest á ári.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma (nema þau, sem undanþegin eru lestagjaldi), skulu greiða kr. 1.80 í lestagjald af hverri nettó rúmlest í hvert sinn, er þau koma til hafnar og hafa samband við land. Strandferðaskip ríkissjóðs greiði þó aðeins 90 aura lestagjald.
- d. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, skip, er sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóskemmda, og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda um borð.